



SUMARKOKTEILAR



RJÚKANDI RÁÐ



TAPAS

Afgreiðslutími

VÍNBUÐA



Sjá upplýsingar um afgreiðslutíma á heimasíðu www.vinbudin.is

Höfuðborgarsvæðið	mán.-fim.	fös.	lau.	sími	teg	heimilisfang
Austurstræti	11-18	11-19	11-18	562-6511	500	Austurstræti 10a, 101 Rvk
Borgartún	11-18	11-19	11-18	561-8001	600	Borgartún 26, 105 Rvk
Dalvegur	09-20	09-20	11-18	564-5070	500	Dalvegí 2, 201 Kóp
Eiðistorg	11-18	11-19	11-18	561-1800	1000	Eiðistorgi 13, 170 Seltj.
Garðabær	11-18	11-19	11-18	555-6525	500	Garðatorgi 7, 210 Garðab
Hafnarfjörður	11-18	11-19	11-18	565-2222	1000	Fjarðargötu 13-15, 220 Hafn
Heiðrún	11-18	11-19	11-18	560-7701	ALLT	Stuðlahálsi 2, 110 Rvk
Kringlan	11-18	11-19	11-18	568-9060	ALLT	Kringlunni 8-12, 103 Rvk
Mosfellsbær	11-18	11-19	11-18	586-8150	500	bverholti 2, 270 Mosfellsbæ
Skeifan	09-20	09-20	11-18	588-3100	600	Skeifunni 5, 108 Rvk
Smáralind	11-18	11-19	11-18	544-2112	1000	Hagasmára 1, 201 Kóp
Skútuvegur	09-20	09-20	11-18	568-9008	2000	Skútuvegí 2, 104 Rvk
Stekkjarbakki	11-18	11-19	11-18	567-0400	500	Stekkjarbakka 6, 109 Rvk

Landsbyggðin		mán.-fim.	fös.	lau.	sími	teg	heimilisfang
Akureyri		11-18	11-19	11-18	462-1655	1000	Hólabraut 16, 600 Akureyri
	Vetur	12-18	11-19	11-14	431-2933	300	Þjóðbraut 13, 300 Akranes
Akranes	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Blönduós	Vetur	14-18	14-19	lokað	452-4501	200	Aðalgötu 8, 540 Blönduós
	Sumar	14-18	12-19	lokað			
Borgarnes	Vetur	12-18	11-19	11-14	431-3858	300	Borgarbraut 58-60, 310 Borgarnes
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Búðardalur		17-18	16-18	lokað	434-1303	100	Vesturbraut 15, 370 Búðardalur
Dalvík	Vetur	14-18	12-19	lokað	466-3430	200	Hafnarbraut 7, 620 Dalvík
	Sumar	11-18	11-19	11-14			
Djúpivogur		17-18	16-18	lokað	478-8270	100	Búlandi 1, 765 Djúpivogur
Flúðir*		17-18	16-18	lokað	487-8701	100	Akurgerði 4, 845 Flúðir
Egilsstaðir	Vetur	12-18	11-19	11-14	471-2151	300	Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Fáskrúðsfjörður		17-18	16-18	lokað	475-1530	100	Skólavegi 59, 750 Fáskrúðsfjörður
Grindavík		14-18	12-18	lokað	426-8787	200	Vikurbraut 62, 240 Grindavík
Grundarfjörður		17-18	16-18	lokað	438-6994	100	Hrannarstíg 3, 350 Grundarfjörður
Hella	Vetur	14-18	14-19	11-14	585 7587	200	Suðurlandsvegi 1, 850 Hella
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Hólmavík		17-18	16-18	lokað	455-3110	100	Höfðatúni 4, 510 Hólmavík
Húsavík	Vetur	14-18	14-19	lokað	464-2230	200	Garðarsbraut 21, 640 Húsavík
	Sumar	11-18	11-19	11-14			
Hvammstangi		17-18	16-18	lokað	455-2321	100	Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi
Hveragerði	Vetur	12-18	11-19	11-14	481-3932	300	Breiðumörk 1, 810 Hveragerði
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Hvolsvöllur	Vetur	14-18	14-19	11-14	487-7797	200	Austurvegi 3, 860 Hvolsvöllur
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Höfn	Vetur	14-18	14-19	lokað	478-1977	200	Miðbær, Litlabrú 1, 780 Höfn
	Sumar	14-18	12-19	13-16			
Ísafjörður	Vetur	12-18	11-19	11-14	456-3455	300	Aðalstræti 20, 400 Ísafjörður
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Kirkjubæjarklaustur		17-18	16-18	lokað	487-4628	100	Skaftárskála
Neskaupstaður		14-18	14-18	lokað	477-1890	200	Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstaður
Ólafsvík		14-18	14-18	lokað	436-1226	200	Mýrarholti 12, 355 Ólafsvík
Patreksfjörður	Vetur	14-18	14-18:30	lokað	456-1177	200	Þórsstötu 10, 450 Patreksfjörður
	Sumar	14-18	14-19	lokað			
Reyðarfjörður		14-18	14-19	11-14	474-1406	200	Hafnargötu 2, 730 Reyðarfjörður
Reykjanesbær		11-18	11-19	11-16	421-5699	500	Krossmóum 4, 230 Reykjanesbær
Sauðárkrúkur	Vetur	12-18	11-19	11-14	453-5990	300	Smáragrund 2, 550 Sauðárkrúkur
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Selfoss		11-18	11-19	11-16	482-2011	500	Vallholti 19, 800 Selfoss
Seyðisfjörður		17-18	16-18	lokað	472-1700	100	Hafnargötu 2a, 710 Seyðisfjörður
Siglufjörður		14-18	14-19	lokað	467-1262	200	Eyrargötu 25, 580 Siglufjörður
Stykkishólmur	Vetur	14-18	14-19	lokað	430-1414	200	Aðalgötu 24, 340 Stykkishólmur
	Sumar	14-18	14-19	11-14			
Vestmannaeyjar	Vetur	12-18	11-19	11-14	481-1301	300	Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Vík í Mýrdal		17-18	16-18	lokað	487-5730	100	Austurvegi 18, 870 Vík
Vopnafjörður		17-18	16-18	lokað	473-1403	100	Hafnarbyggð 4, 690 Vopnafjörður
Þorlákshöfn		17-18	16-18	lokað	481-3963	100	Selvogsbraut 4, 815 Þorlákshöfn
Þórshöfn		17-18	16-18	lokað	468-1106	100	Langanesvegi 2, 680 Þórshöfn

Sumar: júní – ágúst / Vetur: sept. – maí *Vínbúðin Flúðum opnar um miðjan júní.

Sjá upplýsingar um netföng á www.vinbudin.is

EFNISYFIRLIT

Leiðari	2
Fréttir úr Vínbúðum	3
Rjúkandi ráð	4-6
Hvað er Tekíla?	8-9
Sumarkokteilar	10-11
Vínval í brúðkaupið eða aðrar veislur	12-13
Fréttaskot úr vínheiminum	14
Tapas	16-17
Árgangatafla ÁTVR	18
Vöruskrá	19

Vöruskrá

• Rauðvín	20
• Hvítvín	40
• Sætvín	52
• Rósavín	53
• Freyðivín	54
• Aðrir gerjaðir drykkir	57
• Kassavín	58
• Styrkt vín og kryddvín	60
• Bitter og líkjör	62
• Sterkt áfengi	64
• Annað áfengi undir 15%	71
• Bjór	72
• Bjórkútar	76
• Óáfengt	76
• Gjafavara	77
• Viðurkennd lífræn vottun	78

Vörur í stafrófsröð	80
---------------------	----

Matartákn	96
-----------	----

Vínblaðið, 2. tbl. 7. árg. júní 2009

Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR

Ábyrgðarmaður: Ívar J. Arndal

Ritstjóri: Jóna Grétarsdóttir

Ritstjórn: Gissur Kristinsson, Jóna Grétarsdóttir, Páll Sigurðsson og Skúli Þ. Magnússon

Hönnun, umbrot og prentun: Oddi ehf. / P09.02.480

ISSN-1670-7532

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbudin.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Áskilinn er réttur til leiðréttinga.



Leiðari

Sumarlegar hugleiðingar

Við hjá Vínbúðunum erum sífellt að leita leiða til að gera betur í okkar þjónustu við viðskiptavini.

Í þessum tilgangi höfum við sett okkur þjónustustefnu sem lýsir metnaði okkar til að gera sífellt betur. Þegar stefna og markmið hafa verið sett hlýtur spurningin um hvernig stöndum við okkur í að veita þjónustu að kvikna í kjölfarið. Það er ekki mitt eða okkar að dæma slíkt en til að fá vísbendingu við spurningunni höfum við í nokkur ár spurt um hvort almennur stuðningur sé við núverandi fyrirkomulag áfengissölu á Íslandi. Í mars síðastliðnum var stuðningur við fyrirkomulagið (mjög ánægðir og frekar ánægðir) um 55% á meðan þeir sem voru mjög og frekar óánægðir með fyrirkomulagið voru rúmlega 17%. Þegar þeir sem voru ánægðir voru spurðir nánar hvers vegna þeir styðja núverandi fyrirkomulag sögðu flestir: góð þjónusta. Slík niðurstaða er vonandi vísbending um að við séum að gera eitthvað rétt í að meta þarfir viðskiptavina og veita rétta þjónustu á réttum stað og tíma.

Þegar minnst er á þjónustu, er rétt að nefna það að í júní munum við opna nýja Vínbúð á Flúðum og stuttu seinna opnum við nýja vefverslun okkar á vinbudin.is. Þessar tvær vínbúðir munu verða Vínbúðir númer 49 og 50 í röðinni. Við erum sérstaklega stolt af vefnum okkar og líklega er hægt að tala um tímann táknað að 50 Vínbúðin er ekki með raunverulegar hillur, körfur og afgreiðslukassa eins og hefðbundnar búðir heldur verða allar vörur okkar aðgengilegar um allt land í stafrænu formi veraldarvefsins.

Gleðilegt sumar!

Einar Snorri Einarsson
framkvæmdastjóri sölu-
og þjónustusviðs



Vefbúð - stóraukin þjónusta við viðskiptavinum

Fimmtugasta Vínbúðin verður opnuð í júní. Um er að ræða vefbúð, en með opnun hennar hafa Vínbúðirnar stóraukið þjónustu sína við viðskiptavinum, sérstaklega þá sem búa við minna vöruúrval á landsbyggðinni. Í Vefbúðinni geta viðskiptavinir skoðað úrvalið í rólegheitum og pantað, en hægt er að velja úr öllu vöruvali Vínbúðanna. Viðskiptavinir Vefbúðarinnar geta sótt sendinguna í næstu Vínbúð, en sú þjónusta verður viðskiptavinum að kostnaðarlausu til að byrja með. Einnig er verið að vinna að því að viðskiptavinir geti fengið vörurnar heim að dyrum og auka þannig þjónustustigið enn frekar. Við bjóðum viðskiptavinum velkomna í glæsilega vefbúð.

Ný Vínbúð opnar á Flúðum

Skrifað hefur verið undir samning um leigu á húsnæði við Akurgerði 4, fyrir nýja Vínbúð á Flúðum. Áformað er að opna nýja Vínbúð þar um miðjan júní. Vínbúðin verður sjálfsafgreiðslubúð með rúmlega 100 mest seldu tegundir í vöruvali. Að sögn heimamanna er þetta afar mikilvægt skref til að styrkja þjónustuna á svæðinu sem er mikið ferðamannasvæði og eykur mönnum bjartsýni sem búa á svæðinu um áframhaldandi uppbyggingu og vöxt.



Bíddu!

Vínbúðirnar leggja áherslu á að vinna í átt að jákvæðri vinnmenningu með því að stuðla að ábyrgri áfengisneyslu og umgengni við áfengi, öllum til ánægju.

Nú í sumar standa Vínbúðirnar fyrir auglýsingaherferð undir yfirskriftinni „Bíddu - hafðu skilríkin meðferðis“. Markmiðið með auglýsingunum er að vekja á jákvæðan hátt athygli á áfengiskaupaaldrinum og hvetja ungt fólk til að sýna skilríki að eigin frumkvæði. Auglýsingarnar verða sýndar í sjónvarpi, útvarpi, netmiðlum, á strætóskýlum og í bíó.

Kaldur bjór í Heiðrónu

Nú fæst allur bjór kældur í Vínbúðinni Heiðrónu. Stór og glæsilegur bjórkælir hefur verið tekinn í notkun, en hann geymir allan bjór sem seldur er í Vínbúðinni auk mest seldu freyði- og hvítvínanna. Kælirinn er yfir 100 fermetrar að stærð, en um 170 tegundir af bjór eru til sölu í Vínbúðunum Heiðrónu, Skútuvogi og Kringlunni þar sem allt vöruúrvalið fæst.

Söludeildin flutt

Söludeild tóbaks á höfuðborgarsvæðinu er flutt í nýtt húsnæði og er nú á sama stað og afgreiðsla tóbaks. Sími söludeildar er 560-7720 og netfangið: solumenn@vinbudin.is. Við bjóðum viðskiptavinum velkomna.



Sum vín eru sumarvín!

Pemadagarnir Sumarvín eru í júní. Í Vínbúðunum er hægt að nálgast fallegan bækling sem inniheldur girnilegar uppskriftir og tillögur að víni með. Hafðu það gott í sumar!

Ánægðustu viðskiptavinirnir!

Á fyrsta fjórðungi ársins voru kynntar niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar en að þessu sinni var ánægja viðskiptavina 17 fyrirtækja mæld en niðurstöður byggja á svörum um 4300 manns eða um 250 viðskiptavina hvers fyrirtækis. Í flokki smásöluverslana var ÁTVR í fyrsta sæti með 66,2 og hækkar um 2,3 stig á milli ára. BYKO var í öðru sæti með 59,4 stig, lækkar um tæp 6 stig á milli ára og í þriðja sæti var Húsasmiðjan með litlu lægri einkunn, 58,8 og lækkaði um rúm 4 stig á milli ára. Einungis tvö fyrirtæki hækkuðu um meira en tvö stig á milli ára, ÁTVR og Byr sparísjóður.

Við þökkum viðskiptavinum kærlega fyrir góða umsögn.

RJÚKANDI RÁÐ

🔥 Kaldar sósur henta sérlega vel með grillmat og eru þær líka góð tilbreyting frá heitu sósunum sem oftast eru á borðum. Kaldar sósur fást tilbúnar í miklu úrvali auk þess sem auðvelt er að laga þær. Algengast er að kaldar sósur séu lagaðar úr majonesi og sýrðum rjóma, kotasælu, jógúrti, olíu og maukuðu grænmeti, niðursoðnum tómötum, olíum og ediki, sinnepi o.fl.

🔥 Kryddlegið kjöt er tvímælalaust vinsælasti grillmaturinn á Íslandi. Auk þess að gefa gott bragð hefur kryddlögurinn það hlutverk að meyra kjötið sem gerist fyrir tilstilli sýru sem flestir kryddlegir innihalda.

🔥 Góður siður er að þrifa grillgrindina strax eftir notkun, þá eru þrifin auðveldari. Burstið óhreinindin af með fingerðum vírbursta og skolið grindurnar undir heitu vatni. Þerrið og strjúkið olíu af með pappírspurrku. Ef þrifin sitja á hakanum er hættara við að steikur festist við grillið auk þess sem óþarfa reykur og bræla kemur þegar grillið er hitað. Þessi reykur hefur áhrif á bragð þess sem er grillað.

🔥 Gott ráð er að nudda hálfum lauk eftir heitum teinunum rétt áður en hráefnið er sett á grillið. Þetta gefur grillmatnum meira bragð auk þess sem ómótstæðilegur ilmur fyllir loftið og eykur enn frekar á stemninguna.

🔥 Mikilvægt er að hreinsa kryddlög vel af kjöti áður en það er grillað, þar sem hann er oftast en ekki ástæðan fyrir því að kviknar í steikunum á grillinu. Auk þess er kryddlögurinn búinn að gera sitt gagn þegar kemur að því að steikin fari á grillið. Oft er lögurinn þó geymdur og penslaður á kjötið í lok eldunartímans til að fá fallegan brúnan lit.

🔥 Ein ástæðan fyrir því að kviknar í steikum á grillinu er of mikil utanálggjandi fita, sem lekur niður í glóandi kolin og veldur óþarfa eldtungum sem brenna kjötið og spilla bragði. Snyrtið utanálggjandi fitu án þess að taka hana alla í burtu. Innfita í kjöti er hins vegar ótvírætt gæðamerki og vísbending um safaríka steik.

🔥 Kryddolíur er mjög gott að eiga og sérlega auðvelt að búa til, auk þess sem þær fást tilbúnar í mörgum útgáfum. Einfalt er að setja ferska hvítlauksgeira, engifer, þurrkaðan chili, rósmarín og timjan í flösku og fylla upp með ólífuolíu og setja smá skvettu af rauðvinsediki með. Slik olía geymist í 1-2 mánuði í kæli.

🔥 Þegar grilla á stór stykki eins og lambalæri og heila kjúklinga er mjög gott að stinga í gegnum kjötið stórum snúningsteinum sem oftast fylgja grillunum og láta lítinn rafhlöðuknúinn motor snúa þeim. Þá flýtir það fyrir eldun að hafa hjálminn lokaðan með smá rifu ef um gasgrill er að ræða.

🔥 Steikur sem hafa utanálggjandi fitu hafa allar sin undir fitunni. Þessi sin herpist saman í eldun og veldur því að steikurnar verpast og safinn þrýstist úr þeim. Með því að skera sinina í sundur með 2 cm millibili er hægt að koma í veg fyrir þetta. Gott dæmi um þetta er lambalærisneið sem verður við steikingu eins og lítill skál í laginu.

🔥 Til þess að koma í veg fyrir að kjöt festist við grillið hefur reynst best að þerra það vel að utan og pensla með olíu. Þá er nauðsynlegt að pensla grindurnar með olíu. Best er að gera það um leið og þær eru þrífarnar sem á að gerast eftir hverja notkun. Sömuleiðis er gott að renna olíupenslinum aðeins yfir grindina áður en steikin er lögð á hana. Óhreinindi á grind geta líka orðið til þess að maturinn festist við.

🔥 Ekki er mælt með því að grillgrindurnar séu þrífarnar með sápu, þar sem hún leysir upp fituna sem er æskilegt að sé „innbrennd“ í teinana, rétt eins og pönnukökupanna er aldrei þrífrið með sápu.

🔥 Auðvelt er að setja birki, barrnálar eða alls konar tilbúna kubba á grillkol til að auka enn frekar bragð matarins. Hægt er að setja þetta beint á kolin eða í álbakka ofan á steinana ef um gasgrill er að ræða. Þá eru til sérstök reykbox til þess að setja blauta viðarspæni í til þess að reyksteikja. Þau eru helst notuð þegar um stór stykki er að ræða og eldamennskan tekur langan tíma.

🔥 Mjög auðvelt er að baka brauð á grilli eða rista tilbúin brauð. Auðvelt er að setja brauðdeig beint á grillið í þunnum kökum, þá er brauðdeigi oft vafið í mjóum ræmum utan um birkigreinar, þannig að úr verði brauð sem er eins og gormur í laginu. Þá er mjög gott að pensla snittubrauð með kryddolíum, ediki og alls konar grænmetismauki og grilla brauðið uns það er fallega brúnað að utan.

🔥 Einfalt er að pakka kjöti og fiski í álpappír og setja á grillið og er þetta góð og gild matreiðsluáðferð sem á hins vegar ekkert skylt við að grilla. Allt sem sett er í álpappír gerir ekkert annað en að soðna í eigin safi án þess að fá í sig neitt af því bragði sem grillið getur gefið. Ekkert bragð kemur í gegnum álpappír. Eina undantekningin er að pakka kartöflum í álpappír og baka þær þannig. Ein aðalástæðan fyrir því að við grillum er að við viljum njóta þessa einstaka bragðs sem er af grilluðum mat, ekki einhverju sem er soðið í álpappír. Sama bragðið kæmi af álpappírsmatnum ofnsteiktum og til hvers er þá grillið?

🔥 Steina í gasgrilli þarf að þrifa reglulega þar sem þeir safna í sig öllu því sem lekur af kjötinu, olíu, kryddi o.fl. Gott er að setja þá í pott og sjóða upp á þeim og burstu þá duglega með vírbursta á eftir ef óhreinindin eru gömul.

🔥 Mjög gott er að setja ost ofan á grillsteikur þegar þær eru að verða tilbúnar á grillinu og leyfa ostinum að bráðna örlítið ofan á steikunum. Gráðastur hentar t.d. sérlega vel ofan á svína- og lambasteikur.

🔥 Kartöflusalöt henta mjög vel sem meðlæti með grillmat þar sem hægt er að laga þau með löngum fyrirvara og taka fram þegar sest er að borðum. Kartöflusalöt er hægt að laga á ótal vegu, með majones eða sýrðan rjóma sem grunn. Einnig er hægt að nota kotasælu sem grunn og setja olíu, grænmeti og pasta saman við. Þá er hægt að hafa salötin sterk eða mild, með karrii eða chili og svo mætti lengi telja.

LAMBAKJÖT

🔥 Lambakjöt er hentugt að grilla og auðvelt að krydda. Ef keypt er frosið kjöt er mikilvægt að láta það þiðna í kæli og meyrna í nokkra daga til viðbótar til þess að gæði kjötsins verði sem mest.

🔥 Mjög gott er að villikrydda lambakjöt enda er íslenska lambið villibráð. Hvítlaukurinn er ómissandi og rósmarín mjög vinsælt auk þess sem sítróna að hætti þjóðanna við Miðjarðarhafið á vel við. Í Miðausturlöndum er kanill, kúmen og negull algeng krydd á lamb þó að það hljómi framandi fyrir okkur.

🔥 Lambagrillsteik verður að hafa einhverja utanáliggjandi fitu sem brúnast vel að utan, því allir eru sólnir í puru sem er ekkert annað en vel brúnuð fita.

🔥 Mikilvægt er að kjöt hafi náð stofuhita áður en það fer á grillið til að tryggja jafnari steikingu og minni hættu á að stærri stykki verði hrá og köld inni við miðju. Auk þess verður eldunartíminn styttri.

NAUTAKJÖT

🔥 Nautakjöt er ávallt grillað við snarpan hita og látið brúnast vel að utan, þar sem stór hluti af bragði góðrar nautasteikur liggur í því hversu vel brúningin heppnast.

🔥 Þó að góð nautapiparsteik sé líklega þekktasta steik í heimi er algengast að nautakjöt sé aðeins kryddað með salti og pipar til að leyfa bragðgæðum kjötsins að njóta sín.

🔥 Nautasteikur sem henta vel á grillið eru sneiðar úr framhrygg (rib eye) sem margir telja bestu steikina, sneiðar úr framhryggjafillet eru frábærar grillsteikur ef fituinnvaf vöðvans er nægjanlegt. Entrecôte er steik úr nautafillet með fiturönd utan á. T-bein og Porterhouse, sem nánast eru sömu steikurnar, eru frábærar á grillið. Þá eru lundirnar alltaf mjög meyrar og hægt að steikja þær bæði í heilu og í steikum.

🔥 Þegar kjöt er barið með buffhamri er bæði verið að laga steikurnar til þannig að þær séu svipaðar á þykkt og taki þar með sama tíma í eldun. Ef notaður er tenntur buffhamar er verið að slíta sundur vöðvaþræðina þannig að steikin sé meyrari undir tönn.

🔥 Bragðmikið kryddsmjör hentar sérlega vel ofan á góða nautasteik.

🔥 Meyr nautasteik ætti ávallt að vera borin fram léttsteikt þannig að gæði kjötsins njóti sín sem best.

🔥 Hamborgarar eru mjög vinsæll og ódýr grillmat. Einfalt er að gera hamborgara að mjög góðri máltíð.

SVÍNAKJÖT

🔥 Vöðvar úr svininu sem henta vel til grillsteikingar fyrir utan hinn sívinsæla hnakka eru steikur úr hrygg, bæði kótiletur og beinlaust fillet. Þá er reyktur og saltaður svínahryggur sælgæti á grillinu með smá BBQ-sósu. Svínalundir eru frábær grillsteik bæði í sneiðum og heilar. Þá eru fánlegar bógsneiðar og lærissneiðar sem gott er að kryddleggja. Síðast en ekki síst eru svínaríf gríðarlega vinsæll grillmat.

🔥 Svínakjöt tekur sérlega vel við kryddi og er hægt að nota nánast hvaða kryddlög sem er á það.

🔥 Svínakjöt, eins og annað ljóst kjöt, ætti ávallt að elda við meðalhita á grilli þar sem það þornar auðveldlega að utan og verður of dökkt ef of mikill hiti er notaður.

🔥 Ekki er nauðsynlegt að gegnsteikja svínakjöt, heldur ætti að hafa kjarna kjötsins ljósbleikan til þess að gæði kjötsins fái notið sín og kjötið verði safaríkara.

KJÚKLINGUR

🔥 Ávallt ætti að gæta þess að gegnelda kjúklinga án þess að ofelda þá. Einfaldast er að stinga í kjötið með þrjóni eða grönnum hníf. Ef kjötsafinn sem kemur út er glær er kjötið fullsteikt.

🔥 Auðvelt er að krydda kjúkling þar sem kjötið tekur einstaklega vel við kryddi og tilvalið er að setja kjúkling í kryddlög. Þá er mjög gott að pensla ókryddað kjúklingakjöt með einhverjum kryddlegi meðan á eldamennskunni stendur.

🔥 Grillaðar bringur ætti ávallt að elda með skinninu þar sem grillað, stökkt, vel kryddað og vel brúnað kjúklingaskinn er matur sem fáir standast.

🔥 Kjúklinga skal ávallt grilla við vægan hita þar sem kjötið þornar auðveldlega að utan ef hár hiti er notaður

KALKÚNAR

🔥 Kalkúnar hafa smátt og smátt verið að ryðja sér til rúms sem annað og meira en stórsteik um jól og áramót. Kalkúnninn á mjög vel heima á grillinu og eru fánlegar grillsteikur úr bringum tilbúnar á grillið.

🔥 Kalkúnabringur er upplagt að skera í sneiðar og leggja í kryddlög. Hægt er að heimfæra nánast alla kryddlegi fyrir kjúklinga upp á kalkúna. Mjög gott er að kryddleggja kalkúna í bitum og þræða upp á teina með alls konar grænmeti. Gott er að pensla ókryddaðan kalkún í steikingu með kraftmiklum kryddlegi.

🔥 Kalkúnalæri er mjög gott að grilla og þá þann hluta þess sem er kallað upplæri. Það tekur langan tíma og þarf að nota vægan hita en það er þess virði þar sem safaríkt og bragðmikið kjötið kemur sérlega vel út grillað.

🔥 Kalkúnavængir eru frábær grillmat og henta mjög vel sem hádegisréttur á salati eða með öðru kjöti í blönduðu grilli.



GRÆNMETI - SALÖT - ÁVEXTIR

🔥 Salöt er hægt að setja saman á óteljandi vegu, allt eftir smekk hvers og eins. Mjög gott er að setja olíu og ediksósúr, svokallaðar vinaigrette, út á salöt rétt áður en þau eru borin fram. Þá er mjög gjarnan sett eitthvað stökkt saman við salöt eða út á þau. Oft eru notaðir brauðteningar, grillað eða ristað brauð, sem búið er að pensla með kryddolíu, kartöflu- eða maísflogur út á salöt.

🔥 Mjög gott er að setja hnetur og fræ út á og saman við salöt.

🔥 Matarmikil salöt geta auðveldlega staðið sem aðalréttur, gjarnan þá með einhverju grilluðu ofan á, t.d. kjúklingavængjum.

🔥 Grænmeti er mjög gott að grilla og svo skemmtilega vill til að einmitt þegar íslenskt grænmeti er fáanlegt er grilltíminn í hámarki og synd að sleppa því að grilla nýja papriku og tómata sem meðlæti með safaríkri steik.

🔥 Grænmeti er mjög gott að setja upp á teina og grilla sem meðlæti með steikum eða sem stakan rétt á salati. Gæta skal þess að velja saman á grænmetistein tegundir sem þurfa svipaðan tíma í eldun, ekki gulrætur og tómata saman á tein. Þá er mikilvægt að skera grænmetið í bita sem eru svipaðir að stærð þannig að allt grænmetið á teininum snerti grillið.

🔥 Mjög gott er að pensla grænmeti með alls konar sætsúrum kryddlögum á meðan það er grillað. Einnig er mjög gott að pensla grænmeti með kryddolíum.

🔥 Nokkrar tegundir af ávöxtum henta vel á grillið og má þar nefna ananas, epli, perur og banana. Ávallt skal gæta þess að grilla ávexti á hreinu grillinu, að öðrum kosti taka þeir í sig bragðið af því sem var grillað á undan. Mjög gott er t.d. að grilla ananas og pensla hann með líkjörsbættu hlynsírópi í lok eldunartímans og bera fram með ís. Þá er súkkulaðifyllti bananinn löngu orðinn klassískur eftirréttur. Banananum er þá yfirleitt skellt á grillið um leið og kjötið er tekið af og hann látinn eldast við vægan hita meðan steikin er borðuð.

GRILLAÐUR GRÍSAHNAKKI MEÐ DIJON, SÍTRÓNU OG SALSA FRESCA

Fyrir 4

1 kg grísaahnakki í sneiðum

4 msk. dijon-sinnep

½ sítróna

Salt og pipar

Kryddið hnakkasneiðarnar með salti og pipar. Penslið með olíu og grillið við meðalhita í nokkrar mínútur á hvorri hlið. Þegar steikurnar eru nánast tilbúnar er sinnepinu penslað á kjötið og látið krauma á því síðustu mínútuna. Rétt áður en steikurnar eru teknar af grillinu er sítrónan kreist yfir kjötið.

Berið fram með salati og ofnbökuðum kartöflubátum

SALSA FRESCA

6 tómatar

1 rauðlaukur

1 hvítlaugsgeiri, fint saxaður

1 ferskur grænn chili

1 msk. límónusafi

2 msk. ólífulía

2 msk. saxaður ferskur kóríander

Salt, pipar

Skerið tómata í fernt og fjarlægið kjarnann. Þerrið þá vel með eldhúspappír. Skerið tómata, rauðlaukinn og chili í smáa bita og setjið í skál. Bætið límónusafa, ólífulíu og kóríander saman við og bragðbætið með salti og svörtum pipar úr kvörn. Látið standa í kæli í 1 klst.

ENGIFER- OG SOJALEGNAR KJÚKLINGA-BRINGUR

Fyrir 4

4 kjúklingabringur

2 msk. saxaður ferskur engifer

2 saxaðir hvítlaugsgeirar

2 msk. púðursykur

2 tsk. sesamfræ

2 tsk. sesamolía

1 dl sojasósa

2 msk. teryaki-sósa

Blandið öllu saman og smyrjið á bringurnar. Látið standa í klukkutíma í kæli.

Berið fram með salati, sósu og kartöflum að eigin vali.



Við erum vínráðgjafar Vínbúðanna

- við skrifum fróðleik um vín á vinbudin.is
- við veitum faglega ráðgjöf við val á víni með mat
- við erum reglulega til aðstoðar í Vínbúðinni þinni
- við aðstoðum við að ákvarða magn fyrir veisluhöld
- við höfum alþjóðlega gráðu frá vínskólanum WSET í London





HVAÐ ER TEKÍLA?

Líklega það fyrsta sem fólki dettur í hug þegar það hugsar um Tekíla er salt og sítróna. En hvað er þessi mexíkóski drykkur?

AGAVE PLANTAN ER ENGIN SMÁSMÍÐI EN HÚN ER FULLVAXIN UM 40-70 KÍLÓ EN GETUR ORÐIÐ ALLT AÐ 120 KÍLÓ AÐ ÞYNGD.

Tekíla er áfengur drykkur (35%-55%) sem búinn er til úr afbrigði af Agave plöntu, eða pykklöðungi, sem heitir Tequiliana Webber Blue. Til eru um 310 tegundir af Agave en það má bara nota þessa tegund í Tekíla. Agave plantan er engin smásmíði en hún er fullvaxin um 40-70 kíló en getur orðið allt að 120 kíló að þyngd. Indjánar notuðu þessa plöntu til margra hluta, til dæmis í byggingarefni fyrir hús, í mat, fót og pappír svo fátt eitt sé nefnt. Einnig eru til skemmtilegar þjóðsögur um þessa plöntu sem innfæddir í Mexíkó elska. Í einni af þessum sögum var gyðja sem hét Mayahuel og var hún gift Petácatl sem var skapari og verndari plöntulífs. Mayahuel þessi var sögð hafa 400 brjóst, eitt fyrir hvert barna hennar. Fleiri ásældust fegurð

hennar og náði einn guðinn Quetzalcoatl að nafni að fanga hug hennar, en hann var skapari mannsins. Svo þegar upp kemst um framhjáhald Mayahuel, flúðu hún og Quetzalcoatl til jarðarinnar og földu þau sig sem tré og runna. Langamma Mayahuel Tzinzinmitl varð öskuill við þetta og finnur Mayahuel sem faldi sig sem tré og eyðir henni með eldingu. Quetzalcoatl grefur ösku Mayahuel og upp sprettur Agave plantan.

Tekíla getur bara verið framleitt í Mexíkó, en þar eru samtök sem heita Consejo Regulador Del Tekíla sem sjá til þess að Tekíla sem neytt er í heiminum sé frá tilteknum svæðum í Mexíkó. Þessi svæði eru í sýslunum Jalisco, Nayarit, Guanajuato, Michoacan og Tamaulipas. Þessar fjórar fyrstu liggja allar saman en Tamaulipas er hinum megin í Mexíkó við Mexíkóflóa. Einn Tekílabóndi sem bjó í Tamaulipas sagði að það Agave sem hann ræktaði væri alveg eins gott og það sem ræktað var í kringum Jalisco svæðið og fékk það viðurkennt. Það sem fylgir hinsvegar aldrei sögunni er að bóndi þessi var sonur forseta landsins svo það hefur varla verið svo erfitt að fá það í gegn.





FLOKKUN Á TEKÍLA

Tekíla skiptist í tvo flokka. Í flokk eitt er blandað Tekíla sem hefur 51% Agave safá en restin getur verið annar safi eins og Meloses sem er notaður meðal annars í romm. Í flokk tvö verður 100% Agave safi að vera notaður í Tekílað og verður það að vera tappað á í Mexíkó. Síðan skiptist það niður í gæðaflokka sem segja til um aldur þess og þroskun og eru þeir eftirfarandi:

Blanco(Silver) Tekíla sem er tært og hefur ekki verið blandað.

Joven(Gold) Tekíla sem hefur verið litabætt með sykri og kannski einhverjum bragðefnum.

Reposado Tekíla sem hefur fengið tunnuproskun í allavega 2 mánuði.

Anejo Tekíla sem hefur fengið tunnuproskun í minnst 1 ár.

Extra Anejo Tekíla sem hefur fengið tunnuproskun í minnst 3 ár.

Um 80% af Tekíla sem fær tunnuproskun er sett á tunnur sem áður höfðu geymt Jack Daniels vískí. Í Mexíkó er Tekíla notað sem krydd með mat og einnig til að klára góða máltíð og nota þeir sjaldan salt og sítrónu með því.



Sigurður Þór Gunnlaugsson
vínráðgjafi

SUMAR- KOKTEILAR



TEQUILA SUNRISE

3 dl ljóst Tekíla

9 dl appelsínusafi

1 tsk. Grenadine

Tekíla og appelsínusafi er sett í „Long-drink“ glas með klökum. Grenadinið er síðan sett varlega út í þannig að það sökkvi til botns.




TEQUILA SUNSET

3 dl ljóst Tekíla

1 ½ dl sítrónusafi

1 tsk Grenadine

Allt sett í blandara með smá klaka. Sett í fallegt kokteylglas



ACAPULCO

3 dl ljóst Tekíla

6 dl hreinn ananassafi

3 dl hreinn grapesafi

Allt sett í hristara með klaka og hrist saman.



CABERNET SAUVIGNON



- HEIMSFLAKKARI Í FLÖSKU

Án efa er Cabernet Sauvignon ein þekktasta og vinsælasta rauðvinsprúga heims. Úr þessari prúgu eru gerð ein þekktustu vín veraldar, vín sem geta elst á flöskunni í áratugi og batnað með aldrinum. Vín sem eru frábær matarvín og þá sérstaklega með rauðu kjöti. Lambakjöt á diskinn og Cabernet Sauvignon í glasið, fullkomið.

**SÓLBER, KÚRENUR,
KIRSUBER, MINTA, PAPRÍKA
OG TÓBAK ER MEÐAL ÞESS
SEM GERIR VART VIÐ SIG.**

Prúgan Cabernet Sauvignon á uppruna sinn að rekja til Bordeaux en þaðan koma ein frægustu rauðvín gerð úr þessari prúgu. Það má segja að hún sé ræktað nánast allstaðar þar sem vín er ræktað, en nafn prúgunnar eitt og sér getur verið trygging fyrir góðri sölu.

Víngerð úr Cabernet Sauvignon einkennist af dökklituðum vínnum með mikil tannín, hátt sýrustig og sterkan ilm, einkenni sem halda sér hvar sem hún er ræktað. Sólber, kúrenur, kirsuber, mint, paprika og tóbak er meðal þess sem gerir vart við sig. Algengt er að láta vínin þroskast á eikartunnum og frá þeim koma svo bragð- og lyktareinkenni eins og sedrusviður, kaffi, reykur, vanilla og eikartónar.

HELSTU RÆKTUNARSVÆÐI CABERNET SAUVIGNON

Í Bordeaux er prúgan blönduð með öðrum prúgum, til dæmis Merlot og Cabernet franc. Það fer svo eftir því frá hvaða svæðum innan Bordeaux hvernig blandan er. Í daglegu tali er Bordeaux skipt í tvö svæði, vinstri og hægri bakka. Á vinstri bakkanum eru vínræktarsvæðin Médoc, Margaux, St. Julien, Pauillac og St. Estephé, Graves og Pessac-Léognan. Yfirleitt er Cabernet Sauvignon í meirihluta í vínblöndunni á vinstri bakkanum, en þaðan koma ein virtustu, verðmætustu og langlífustu rauðvín sem völ er á. Cabernet Sauvignon er svo aftur á móti í minnihluta á hægri bakkanum á svæðum eins og St. Émilion og Pomerol en þar ræður Merlot ríkjum og eru vínin yfirleitt mýkri en vínin frá vinstri bakkanum.

Kalifornía er kjörin fyrir framleiðslu á vínnum úr Cabernet Sauvignon. Vínin eru gjarnan með sterk einkenni af vel þroskuðum sólþökuðum ávexti, mikil en mjúk tannín, mjög dökkan næstum svartan lit og einkennandi eikar- og vanillutóna.

Chile er einkar hentugt land til ræktunar á Cabernet Sauvignon, og hafa vín þaðan náð mikilli hylli um allan heim og vakið athygli fyrir einstaklega hagstætt verð miðað við gæði. Þessi vín hafa oft léttan keim af sólberjum, papriku og mintu.

Í Argentínu hefur einnig náðst mjög góður árangur í ræktun á Cabernet Sauvignon og eru vínin oft nokkuð kröftug og tannisk á meðan þau eru ung.

Ástralir hafa náð mjög góðum árangri með ræktun á Cabernet Sauvignon. Frægust fyrir slíka ræktun eru héruðin Coonawarra og Margaret River. Vínin frá Ástralíu hafa gjarnan sterkan keim af eucalyptus, þungan dökkan ávöxt og ristaða vanillukennda eikartóna.

Frá Suður-Afríku koma svo vín úr Cabernet Sauvignon sem bera mun sterkari krydd- og jarðartóna en gengur og gerist í vínnum annarsstaðar frá.



Vínval í brúðkaupid eða aðrar veislur

FORDRYKKUR

Í dag er léttvín á boðstólum í flestum brúðkaupum þó það sé alls engin skylda. Fordrykkur er í boði í flestum veislum og velja margir freyðivín umfram kampavín þar sem verðmunur er mikill. Skynsamlegast er að hafa fordrykkinn í þurrara lagi því það er mun frískara að fá þurrt eða hálfþurrt freyðivín fyrir matinn því það kemur munnvatnaskirtlunum af stað. Fyrir þá sem vilja hafa fordrykkinn sætari er betra að velja hálfsett en sætt þó ekkert sé útlokað í þessum málum. Varðandi magn má reikna með að freyðivínsflaska dugi í 7-8 glös af venjulegri stærð og oftast er reiknað með 2-3 glösum á mann.

MAGN BORÐVÍNA

Magn léttvína í veislu er alltaf visst vandamál en reynslan sýnir að brúðkaupsveislur standa gjarnan lengur og fer yfirleitt drýgra magn en í öðrum veislum. Venjan er að reikna með ½ flösku á mann og bæta síðan við öryggismörkum þannig að brúðarparið sé að velta einhverju skemmtilegra fyrir sér í veislunni en hvort vínið dugi. Magnið þarf líka að reiknast út frá hvort léttvín verði veitt eftir að borðhaldi lýkur. Þegar verslað er fyrir fjölda manns þá ræður verðið svolítið ferðinni. Oft munar þó ekki miklu í verði að velja hentugra vín í stað þess að velja einungis það allra ódýrasta. Algengt er að taka heldur riflegt magn því alltaf má skila því sem eftir stendur, bara að muna eftir nóttunni. Gott ráð er þó að eiga smá auka magn afsíðis sem hægt er að tefla fram ef þurfa þykir. Boðið er uppá heimkeyrslu þegar verslað er við söludeild Heiðrúnar og upphæðin er yfir 50.000 kr. Þessi þjónusta er í boði alla virka daga eftir hádegi ef pantað er með dags fyrirvara. Sjálfsagt er að nýta sér þjónustuna til að létta undir við undirbúning veislunar.





TEGUND VÍNA

Þegar valið er vín með mat er ýmislegt sem ber að hafa í huga. Númer eitt er að gestgjöfunum líki vínin sem boðið er uppá. Annað er að vínin sem valin eru þurfa að höfða til þorra gesta og falla vel að þeim mat sem boðið er uppá. Gjarnan er horft til hvers eðlis réttirnir eru s.s. ítölsk vín með ítölskum mat og spænsk vín með spænskum mat. Ef boðið er uppá kassavín ber að hafa í huga að í flestum tilfellum þarf að hella vínunum í karöflur eða könnur þegar framreitt er. Gott er leita ráðgjafar hjá starfsfólki Vínbúðanna en flestar Vínbúðir hafa yfir að ráða þjálfuðu starfsfólki til að leiðbeina við val á víni. Einnig er hægt að senda tölvupóst á veisluvin@vinbudin.is eða hafa samband í síma 560-7726 virka daga milli 11 og 17. Góð regla er að taka ákvörðun um vínvalið tímanlega og að gefa sér tíma til að smakka vínið heima áður og þá gjarnan með vínunum eða fjölskyldu og hafa á borðum svipaðan mat eins og í veislunni. Einnig er þarft að hafa í huga að panta tímanlega þannig að hægt sé að panta vínið sé það ekki til.

BJÓR

Það er algengt að bjóða uppá bjór þegar borðhaldi lýkur. Magnið er reiknað ca. lítri á mann (2 stórir eða 3 litlir) og æ fleiri velja bjór í flösku og losna þá við bera fram eitthvað af glösum. Þegar þjónusta er til staðar og hellt í glös eru venjulega notaðar stórar dósir en litlar þegar fólk hellir sjálft (flestar glös rúma bara 330 ml.)

EFTIRRÉTTIR

Þegar eftirréttir eru bornir fram getur verið góður kostur að bjóða uppá sætvín með. Þumalputtareglan er að nota sæt vín með sætu. Margar tegundir eru til, sæt hvítvín eru algengust en einnig eru styrkt vín notuð eins og þúrtvín og sherry. Skemmtilegur og frískandi kostur er að bjóða uppá sæt freyðivín en þar eru til nokkrir góðir kostir.

KAFFI

Margir vilja bjóða uppá kaffi og koníak eða líkjör með kaffinu og ber þá að hafa í huga að 700 ml flaska gefur riflega 23 einfalda en algengur skammtur er um 4.5 cl þannig að 70 cl flaska dugar fyrir riflega 15 manns.



FRÉTTASKOT ÚR VÍNHEIMINUM

VÍNGARÐUR Í LONDON.

Þau undur og stórmerki gerðust þann 5. maí síðastliðinn að plantað var út vínvið, í fyrsta víngarðinn sem telst innan eins af úthverfum Lundúnaborgar. Tegundin Bacchus varð fyrir valinu (gott nafn á vínviðartegund) og var plantað út einum 1500 vínviðarplöntum í einu úthverfanna er kallast Enfield. Það var hinn framsækni búgarður Forty Hall sem hyggst fara út í víngerð. Öll ræktun þarna er lífræn.

TEGUNDIN GEFUR AF SÉR SÝRURÍK, FERSK OG LÉTT VÍN SEM EINNA HELST LÍKJAST VÍNUM ÚR SAUVIGNON BLANC.

Tegundin Bacchus er ein fárra tegunda sem hægt er að ná góðum árangri með í svölu loftslagi eins og á Bretlandi. Tegundin gefur af sér sýrurík, fersk og létt vín sem einna helst líkjust vínunum úr Sauvignon Blanc. Uppruni þrúgunnar er í Þýskalandi en þar var verið að vinna að kynbótum á vínvið og er Bacchus útkoman úr blöndun á tegundunum Riesling, Sylvaner og Müller Thurgau.

Þessi nýi víngarður í London er á vegum garðyrkjuskóla og verður því nýttur til kennslu í víngerð. Og bjartsýnin er slík með ræktun þessa garðs að nú þegar eru forráðamenn skólans farnir að tala um að það væri nú aldeilis flott ef borgarstjórnin í London gæti skálað í víni, sem framleitt er innan borgarmarkanna, við setningu Ólympíuleikanna í borginni árið 2012.

BESTA VÍNIÐ FÆST Í VÍNBÚÐINNI.

Við skoðun á topp 100 lista tímaritsins Wine Spectator kemur í ljós að Vínbúðirnar eru að selja nokkur af vínunum á toppi listans. Ef við lítum á efsta vínið í listanum þá er það Clos Apalta frá Casa Lapostolle. Árgangurinn sem Wine Spectator gefur þessa bestu einkunn sína er 2005 en við erum núna að selja 2004 árganginn af þessu sama víni. Vínið fær 96 í einkunn af 100 mögulegum. En það er annað sem er vert að geta og það er verðið. Í Bandaríkjunum kostar flaskan greinilega 9.450,- krónur en í Vínbúðinni hjá okkur kostar hún 6.934,- en þar með er verðið í Bandaríkjunum rétt um 35% hærra en hér á landi.

Í fjórða sæti á listanum er eitt af hinum frægu desertvínunum frá Sauternes í Frakklandi, en það er Chateau Guiraud. Að sjálfsögðu fæst þetta vín í Vínbúðinni, og einmitt til þess að kæta þá sem langar til að smakka slíkt vín þá er það til í Vínbúðinni í ½ flösku.

Í sjötta sæti á listanum er Pio Cesare Barolo 2004 en þetta vín er nú í reynslusölu í Vínbúðunum. Þetta er framleiðandi sem er eitt stærsta nafnið í Piemonte á Norður Ítalíu og vínin eru eftirsótt meðal sælkera um allan heim.

Það er því alveg óhætt að benda á það að Vínbúðin er með rétt um þriðjung þeirra vína í sölu sem komust í top 10 á top hundrað lista Wine Spectator fyrir árið 2008. Þessi staða er til marks um það hversu gríðarlega öflugir íslenskir innflutningsaðilar eru og það vöruúrval sem þeir geta boðið okkar litla markaði upp á.

LÆKKANDI VERÐ Á GÆÐAVÍNUNUM BORDEAUX.

Það er ljóst nú eftir að smökkun tunnusýna af 2008 árganginum í Bordeaux er lokið að þessi dýrustu og virtustu vín heims eru að lækka verulega í verði. Þessi lækkun er að sjálfsögðu tilkomin vegna efnahagshrunsins. Nú hefur kaupendum á þessari lúxusvöru fækkað gríðarlega og ef eitthvað á að seljast verða framleiðendur að bregðast við því.

Svona til glöggvunar skulum við skoða nokkur af stóru nöfnunum í Bordeaux og skoða hvernig verð hjá þeim eru að breytast. Byrjum á Chateau Margaux sem lækkar sitt verð um 50%, Chateau d'Yquem lækkar um 59% og Chateau La Conseillante lækkar um 29%.

ÞAÐ EINA SEM SÉRFRÆÐINGAR TELJA AÐ GETI BREYTT ÞESSU ERU DÓMAR HINS VIRTAR BANDARÍSKA SMAKKARA ROBERTS PARKER.

Það eina sem sérfræðingar telja að geti breytt þessu eru dómar hins virta bandaríska smakkara Roberts Parker. En hann hefur verið að gefa vínunum árgangsins mjög góða dóma líkt og í allra bestu uppskeruárum. Þó hafa aðrir smakkarar talað um að þessi árgangur nái ekki þeim gæðum sem t.d. 2000, 2003 og 2005 hafi til að bera.



Gissur Kristinnsson
vínráðgjafi

Ný vefbúð á vinbudin.is



Vínbúðin opnar nýja og notendavæna vefbúð á **vinbudin.is** í júní. Í vefbúðinni geta viðskiptavinir skoðað úrvalið í rólegheitum og pantað vörur. Von okkar er sú að þessi þjónusta eigi eftir að koma viðskiptavinum að góðum notum og bjóðum við þá velkomna í vefbúð Vínbúðarinnar.

TAPAS



Bjarki Freyr og Martin Sappia á Tapas barnum

Tapasréttir hafa notið vaxandi vinsælda á Íslandi undanfarin ár. Við fórum í heimsókn á Tapasbarinn á Vesturgötunni og fengum uppskriftir og sögu Tapas frá matreiðslumönnunum Bjarka Frey Gunnlaugss. Og Martin Sappia frá Argentínu.

Tapas þýðir í raun lok og á Suður-Spáni segir sagan að diskur hafi verið settur ofaná glasið sem lok til að halda flugum frá víninu (sem var oft í sætara lagi) og smám saman þróaðist þetta til að smáréttir voru látnir fylgja með á disknum. Önnur skýring er sú að Alfonso X konungur hafi jafnað sig eftir veikindi með því að fá sér vín og smárétti saman sem smám saman varð að Tapashefð.

Hver sem skýringin er þá er Tapas geysivinsælt víða um heim og ekki til sá bar eða veitingahús á Spáni sem ekki býður uppá Tapas. Réttirnir geta verið heitir, kaldir, grillaðir eða steiktir en eru iðulega smáréttir. Á Norður-Spáni kallast þessir smáréttir oft Pinchos og eru bornir fram á spjótum eða litlum pinnum.

Vínið sem Spánverjar nota með Tapas þá sérstaklega á Suður-Spáni er Sherry Fino eða þurrt kælt Sherry en Íslendingar eru tregir að tileinka sér þann stíl en kælt þurrt Sherry passar einstaklega vel með Tapas. Einnig er létt rauðvín Crianza eða gott hvítvín gjarnan frá Spáni góður kostur með réttunum.

Þeir félagar voru svo vinsamlegir að láta okkur fá nokkrar uppskriftir að vinsælustu Tapasréttum sínum.



SALTFISKUR MEÐ CHORISODÖÐLUMAUKI

Chorizo tómataðöðlumauk

500 gr hakkaðir tómatar

350 gr döðlur

2 rif hvítlaukur

50 gr Chorizo

2 stk. garðablóðberg greinar

3 dl rauðvín

Salt og pipar

Aðferð:

Allt hráefnið er sett í pott og soðið við vægan hita í 2 klst. Að því loknu er sósan maukuð með töfrasprota og smökkuð til með salti og pipar.



GRILLUÐ NAUTALUND MEÐ BASIL PESTÓ

Basil pestó

2 búnt ferskur basil

1 búnt fersk steinselja

200 gr furuhnetur

100 gr Parmesan ostur

Safinn úr 2 stk. lime

2 dl jurtaolía

Maldon salt og grófmulinn pipar

Aðferð:

Hluti af nautalund er grillaður (að smekk). Kryddjurtirnar eru maukaðar í matvinnsluvél, olíunni og limesafanum bætt við. Næst er parmesan ostinum og furuhnetunum bætt við, en passa skal að mauka ekki of mikið, grófari áferð er fallegri áferð. Smakkað til með Maldon salti og grófmuldum pipar.



KENGÚRA Á SANFAINABEÐI

Sanfaina

1 stk Butternut squash eða sæt kartafla

1 stk eggaldin

2 stk rauðlaukur

3 stk rauð paprika

1 stk kúrbítur

1 dós hakkaðir tómatar

1 msk kjúklingakraftur

Hvítlauksolía

Ferskt oregano

Ferskur basil

Salt og pipar

Aðferð:

Grænmetið er skorið í grófa strimla og sett á olíuborna ofnskúffu inn í ofn við 160°C í 15 mínútur. Hrært upp með kryddjurtunum tómötunum og smakkað til með kjúklingakrafti, salti og pipar. Bakað aftur við sama hita í sama tíma. Skreytt með rósarinkvisti.



RISARÆKJA Á SPJÓTI MEÐ MIDDLE EAST SÓSU

Middle East sósa

1 stk engiferrót

2 msk hvítlauksolía

2 msk hunang

3 msk grófkorna sinnep

1 stk Chilli pipar

Hnífsoddur af karri

2 msk hvítvínssedik

1 búnt steinselja

4 dl jurtaolía

Salt og pipar

Aðferð:

Risarækjan skelflett og þrædd uppá lítil spjót og steikt á pönnu (grilluð), krydduð með salti og pipar. Engiferrótin er skorin í skífur pvert á þræðina. Allt hráefnið nema olían er maukað vel í matvinnsluvél. Sósan er þykkt með því hella olíunni hægt og rólega út í gangandi matvinnsluvélina í örþunnri bunu. Smakkað til með salti og pipar.

ÁRGANGATAFLA ÁTVR

Evrópa



Frakkland

	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994
Bordeaux-Medoc	3-4	5	3-4	5	4	2-3	5	4	3-4	2-4	3-5	3-5	2-4
St-Emilion/Pomerol	4	4-5	4	4	2-3	3	4	4	3-5	2-3	3-4	4-5	3-4
Sauternes	4-5	4	3-4	4	3-4	4-5	4	5	3-4	3-4	5	4	2
Bourgogne-Cote d'Or	3-4	4-5	3-4	4-5	4	3	3-4	4-5	3-4	4	4-5	4-5	2-3
Cote de Beaune hvítt	4-5	4-5	2-3	4-5	4	4	4-5	3-4	4	4-5	5	4-5	3-4
Chablis	4	4-5	3-4	4-5	5	3	3-4	3-4	2-3	4	5	4-5	2
Alsace	3-4	4	4	4-5	3	3-4	5	2-3	3-4	5	4	4	2-4
Rhone-Norður	4-5	4	4	3	2	5	4	5	4	3-4	3-4	4-5	3
Chateauneuf du Pape	4	4-5	4	3	1	4	2-3	4	5	3	2-3	4	3
Languedoc-Roussillon	3-4	4	4	3	2	4-5	3	2	4-5	2-3	1	4	



Ítalía

Piemonte	4-5	2-3	4	4	1	3-4	4	3-4	4-5	4	5	2-3	1
Toscana	4-5	3-4	5	4	1-2	3-5	3-4	5	2-4	5	2	3-4	2-3



Þýskaland

Mosel	5	4-5	4	4-5	4	5	2-3	3-5	3-4	4-5	2-4	5	4
Rín	4-5	4-5	4	4-5	3	4	1-3	2-4	4-5	3-4	5	2-3	3



Spánn

Rioja	4-5	4	3-4	3-4	1-3	4-5	3	2	4	1-2	4	5	5
Ribera del Duero	4-5	4-5	4-5	4	2	5	3-5	4	3	1	5	5	4
Katalónía	3-4	4-5	4-5	4-5	3	4	4	4	4-5	3-4	4	4	4



Portúgal

	3-4	4	4	5	1-2	3-4	4	1-2	2-4	4	2-3		
--	-----	---	---	---	-----	-----	---	-----	-----	---	-----	--	--

Ameríka



Kalifornía – rautt

Kalifornía – Chardonnay	4-5	3-4	3-4	4-5	4	5	2-4	3-5	2-3	4-5	3-4	4-5	5
-------------------------	-----	-----	-----	-----	---	---	-----	-----	-----	-----	-----	-----	---



Chile

	4-5	4	3	5	3	5	1-3	4-5	1-3	4-5	3-4	4-5	
--	-----	---	---	---	---	---	-----	-----	-----	-----	-----	-----	--



Argentína

	4-5	4	5	4	5	3-4	2-3	2-4	1-3	2-3	3	5	
--	-----	---	---	---	---	-----	-----	-----	-----	-----	---	---	--



Suður-Afríka

	4-5	3-4	4	4-5	3	4-5	2-4	2-4	3-4	4-5	1-2	3-4	
--	-----	-----	---	-----	---	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	--



Ástralía

New South Wales	4-5	4	3-4	4	2-4	1-3	2-3	2-4	3-5	4-5	4	1-3	3-4
Victoria	4-5	4-5	4	4	4-5	3	1-4	1-5	5	4-5	2-4	2-3	3-5
South-Australia	4-5	4-5	4-5	5	4-5	3-4	2-3	1-3	5	2-4	4-5	2-4	4
West-Australia	3-4	4	4-5	4	3	3-4	2-5	3-5	2-4	3-4	3-4	3-5	4-5



Nýja-Sjáland

	4-5	4-5	4	5	3-4	2	3-4	2-4	2-4	1-3	2-4	3-5	
--	-----	-----	---	---	-----	---	-----	-----	-----	-----	-----	-----	--



Vöruskrá

gildir í júní 2009

RAUÐVÍN

Tegundir sem eru merktar **R** á undan vörunúmeri, eru í reynslusölu og fást aðeins í Vínbúðinni Heiðrunu, Kringlunni og Skútuvogi. Vörur sem merktar eru  á undan vörunúmeri, eru Úrvalsvín og fást víða í Vínbúðum. Verð eru leiðbeinandi. Birt með fyrirvara um prentvillur.



Argentína

Argentína er eitt mesta vínframleiðsluland heims. Útflutningur hefur verið að aukast undanfarin ár og er mestur í vínunum gerðum úr rauðu þrúgunum Malbec og Cabernet Sauvignon. Mest einkennandi rauðvinsþrúgan er Malbec, en aðrar þjóðir hafa ekki notað hana í sama mæli og hér er gert.

Cabernet Sauvignon

	05093	Alamos Cabernet Sauvignon	750 ml	13,5 %	1.945 kr.
		2007 Dökkkirsuberjarautt, meðal fylling, þurrt, ferskt, lítil tannin. Blá ber, sólber, eik, jörð, lyng, vanilla.			
R	05088	Catena Cabernet Sauvignon	750 ml	14 %	2.442 kr.
		2003 Kirsuberjarautt. Mjúk meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannin. Sólbakaður berjablámi, eik, jörð, vanilla.			
	10726	Funky Llama Cabernet Sauvignon	750 ml	13 %	1.299 kr.
		2008 Kirsuberjarautt, létt fylling, þurrt, ferskt, lítil tannin. Rauður ávöxtur, vanilla.			
	10930	Funky Llama Cabernet Sauvignon	188 ml	13 %	439 kr.
		2005 Kirsuberjarautt. Létt meðalfylling, þurrt, milt sýra, lítil tannin. Nokkur þroski.			
R	09454	Norton Cabernet Sauvignon	750 ml	13,5 %	1.530 kr.
		2005 Rúbínrautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannin. Sætkennður berjablámi, lauf, krydd, lakkrís, ungt.			
	09461	Norton Cabernet Sauvignon Reserve	750 ml	14 %	1.985 kr.
		2003 Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannin. Sætur dökkur ávöxtur, sólber, krydd, lyng, eik.			
	10731	Tango Sur Cabernet Sauvignon	750 ml	13 %	1.399 kr.
		2005 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt. Þroskuð tannin, súr og rauður berjakeimur.			
R	13121	Terrazas Reserva Cabernet Sauvignon	750 ml	14 %	2.799 kr.
		2005 Dökkkirsuberjarautt. Þétt meðalfylling, þurrt, ferskt, þurrkandi tannin. Sólbær, plóma, jörð, lyng, eik, vanilla.			
	10677	Trivento Cabernet Sauvignon Reserve	750 ml	13,5 %	1.598 kr.
		2005 Rúbínrautt. Þétt meðalfylling, þurrt, ferskt með þroskuð tannin. Eik, dökk og rauð ber. Löng ending.			

Malbec

	10952	Achaval Ferrer Finca Altamira	750 ml	13,5 %	7.763 kr.
		2006 Dimmfjólublátt. Meðalfylling, þurrt og sýruríkt með þroskuð tannin, fínlegan og kröftugan ávaxta og eikarkeim. Þarf tíma			
	12958	Achaval Ferrer Finca Mirador	750 ml	14 %	8.691 kr.
		2006 Dimmfjólublátt. Þétt meðalfylling, þurrt, sýruríkt, þroskuð tannin. Berjahrat, rauður ávöxtur, járn. Langt, ungt.			
R	11237	Achaval Ferrer Malbec	750 ml	13,5 %	2.571 kr.
		2006 Dökkfjólurautt. Mjúk meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannin. Ungur blár ávöxtur, lyng, gras, appelsína.			
	05095	Alamos Malbec	750 ml	13,5 %	1.945 kr.
		2006 Dökk Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannin. Þéttur rauður ávöxtur, lyng.			

R	12795	Antis Malbec Reserve	750 ml	14,5 %	3.060 kr.
		2004 Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannin. Dökk ber, jörð, berjahrat, eik.			
	05087	Catena Malbec	750 ml	14 %	2.442 kr.
		2004 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt með þroskuð tannin, þéttan berjabláma, krydd og jarðartóna.			
R	09069	Finca La Linda Malbec	750 ml	13,5 %	1.748 kr.
		2002 Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannin. Dökk skógarber, eik, vanilla.			
	10727	Funky Llama Malbec	750 ml	13 %	1.299 kr.
		2008 Kirsuberjarautt, létt fylling, þurrt, ferskt, lítil tannin. Skóg-arber, lyng, jörð.			
	12280	Intis Malbec	750 ml	13 %	1.390 kr.
		2007 Ljós Rúbínrautt. Létt fylling, þurrt, ferskt, lítil tannin. Hýði, rauð ber.			
R	09075	Luigi Bosca Reserva Malbec	750 ml	13,5 %	2.586 kr.
